# Reginn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. janúar til 30. júní 2021

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |
| Ársfjórðungsyfirlit - ekki kannað | 16 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslun og þjónustu, iðnað, skrifstofu, íþrótta og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga.

### Rekstur og fjárhagsstaða

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 3.241 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 160.926 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 50.114 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.823 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 31,1% í lok júní 2021.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 5.213 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021 samanborið við 4.736 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2020.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021 var 3.524 millj. kr. samanborið við 3.040 millj. kr. árið áður.

### Fjárfesting í félögum

Reginn hf. skráði sig 1. janúar 2021 fyrir 90% hlutafjár í einkahlutafélaginu Sóltún fasteign ehf. með því að skrá sig fyrir 4.500.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagið hafði gert kaupsamning um kaup á heildareigninni Sóltún 2, kaupverð 3.783 millj. kr. og var gengið var frá kaupunum 15. janúar 2021. Kaupin voru að fullu fjármögnuð með lántöku. Félagið er hluti af samstæðu Regins hf. frá 1. janúar 2021.

Reginn hf. hefur keypt allt hlutafé í CCI Fasteignum ehf. sem er eigandi 20,6% hlutar í Grunni I ehf. sem er eigandi 100% hlutafjár í Smárabyggð ehf. Félagið er hluti af samstæðu Regins hf. frá 26. mars 2021.

### COVID-19

Stjórn félagsins fjallaði á fundum sínum um stöðu félagsins vegna COVID-19. Áherslur og aðgerðir hafa beinst að öryggi og velferð starfsmanna og gesta ásamt fjárhagslegum þáttum tengdum leigutökum og aðgerðum til að tryggja lausafjárstöðu.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að enn sé einhver óvissa í þróun efnahagsmála í landinu sem getur haft áhrif á getu einstaka leigutaka til að standa við skuldbindingar sínar. Stjórn og stjórnendur gera ekki ráð fyrir öðru en að félagið nái rekstrarmarkmiðum sínum á árinu 2021. Nánar er fjallað um áhrif COVID-19 á reikningsskil félagsins í skýringum 4 og 10.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2021 og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogur, 12. ágúst 2021.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Regins hf.

**Inngangur**
Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Samandregni samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu samandregna samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samandregna samstæðuárshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Reykjavík 12. ágúst 2021

Ernst & Young ehf.

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar - 30. júní 2021

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 2021 1.4.-30.6.* | Annar ársfjórðungur 2020 1.4.-30.6.* | Fyrri árshelmingur 2021 1.1.-30.6. | Fyrri árshelmingur 2020 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | | 2.492 | 2.205 | 4.910 | 4.446 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | | 148 | 141 | 303 | 290 |
| Rekstrartekjur | 6,7 | 2.640 | 2.346 | 5.213 | 4.736 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | | ( 515) | ( 577) | ( 1.047) | ( 1.096) |
| Rekstur í fasteignum | | ( 176) | ( 175) | ( 388) | ( 370) |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 116) | ( 109) | ( 254) | ( 230) |
| Rekstrarkostnaður | 6,8 | ( 807) | ( 861) | ( 1.689) | ( 1.696) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | | 1.833 | 1.485 | 3.524 | 3.040 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 6,10 | 2.549 | ( 11) | 3.914 | ( 62) |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | 120 | 0 | 129 | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | ( 6) | ( 4) | ( 11) | ( 11) |
| Rekstrarhagnaður | | 4.496 | 1.470 | 7.556 | 2.967 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | | 2 | 6 | 28 | 14 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 2.264) | ( 1.738) | ( 3.533) | ( 2.862) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | ( 2.262) | ( 1.732) | ( 3.505) | ( 2.848) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 2.234 | ( 262) | 4.051 | 119 |
| Tekjuskattur | | ( 447) | 53 | ( 810) | ( 24) |
| **Hagnaður (tap) og heildarhagnaður (-tap) tímabilsins** | | 1.787 | ( 209) | 3.241 | 95 |
| **Skipting hagnaðar (taps) / heildarhagnaðar (-taps)** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 1.788 | ( 209) | 3.242 | 95 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 1) | 0 | ( 1) | 0 |
| **Hagnaður (tap) og heildarhagnaður (-tap) tímabilsins** | | 1.787 | ( 209) | 3.241 | 95 |
| **Hagnaður (-tap) á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,98 | ( 0,12) | 1,78 | 0,05 |

Skýringar á bls. 10 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.
* Ekki kannað

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

| | Skýr. | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 6,10 | 157.061 | 147.178 |
| Eignir til eigin nota | | 161 | 152 |
| Leigudreifing | | 720 | 502 |
| Fastafjármunir | | 157.942 | 147.832 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 782 | 797 |
| Leigudreifing | | 20 | 76 |
| Ógreitt söluverð | | 38 | 640 |
| Handbært fé | | 2.144 | 3.630 |
| Veltufjármunir | | 2.984 | 5.143 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 160.926 | 152.975 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.823 | 1.823 |
| Varasjóðir | | 16.586 | 16.586 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 28.415 | 23.874 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.290 | 4.589 |
| Eigið fé | | 50.114 | 46.872 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 92.142 | 87.431 |
| Leiguskuldir | | 3.683 | 3.593 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 11.363 | 10.587 |
| Langtímaskuldir | | 107.188 | 101.611 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 2.252 | 3.098 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | | 144 | 139 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 1.228 | 1.255 |
| Skammtímaskuldir | | 3.624 | 4.492 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 110.812 | 106.103 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 160.926 | 152.975 |

Skýringar á bls. 10 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2021

| | Hlutafé | Varasjóðir | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa Regins hf. | Hlutdeild minni-hluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2020** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2020 .................. | 1.804 | 16.514 | 20.337 | 7.387 | 46.042 | | 46.042 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .......... | | | | 95 | 95 | | 95 |
| Fært á bundið eigið fé ................... | | | 1.283 | ( 1.283) | 0 | | 0 |
| Kaup á eigin bréfum ...................... | ( 21) | ( 484) | | 5 | ( 500) | | ( 500) |
| Samþykkt arðgreiðsla (frestað) ..... | | | | ( 535) | ( 535) | | ( 535) |
| Eigið fé 30. júní 2020 .................... | 1.783 | 16.030 | 21.620 | 5.669 | 45.102 | 0 | 45.102 |
| | | | | | | | |
| **1. janúar til 30. júní 2021** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 .................. | 1.823 | 16.586 | 23.874 | 4.589 | 46.872 | 0 | 46.872 |
| Hlutdeild minnihluta ....................... | | | | | | 1 | 1 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .......... | | | | 3.242 | 3.242 | ( 1) | 3.241 |
| Fært á bundið eigið fé ................... | | | 4.541 | ( 4.541) | 0 | | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2021 .................... | 1.823 | 16.586 | 28.415 | 3.290 | 50.114 | 0 | 50.114 |

Skýringar á bls. 10 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 31. júní 2021

| | Skýr. | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | 3.241 | 95 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | ( 3.914) | 62 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | ( 129) | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | 11 | 11 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 3.505 | 2.848 |
| Tekjuskattur | | 810 | 24 |
| | | 3.524 | 3.040 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum | | ( 157) | ( 164) |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | ( 16) | ( 189) |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti | | 3.351 | 2.687 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 28 | 14 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 1.701) | ( 1.547) |
| Greitt uppgreiðslugjald | | ( 49) | 0 |
| Greiddir vextir af leiguskuld | | ( 83) | ( 83) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.546 | 1.071 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 10 | ( 2.845) | ( 2.226) |
| Söluverð fjárfestingareigna | 10 | 1.037 | 0 |
| Fjárfesting í eignum til eigin nota | | ( 20) | 16 |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting | | 602 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.226) | ( 2.210) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Kaup á eigin bréfum | | 0 | ( 500) |
| Tekin ný langtímalán | 11 | 21.689 | 3.142 |
| Afborganir og uppgreiðsla vaxtaberandi langtímaskulda | 11 | ( 23.426) | ( 1.257) |
| Afborganir leiguskulda | | ( 69) | ( 60) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.806) | 1.325 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 1.486) | 186 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 3.630 | 2.840 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 2.144 | 3.026 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 10 | ( 3.817) | 0 |
| Yfirteknar skuldir við kaup á félögum | 11 | 3.817 | 0 |
| Ógreiddur arður 2020 (frestað) | | 0 | 535 |

Skýringar á bls. 10 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland).

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 12. ágúst 2021.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

## 4. Áhrif COVID-19 á reikningsskil

Til að mæta áhrifum af COVID-19 á leigutaka félagsins hafa verið gerðar breytingar á greiðslufyrirkomulagi hluta leigusamninga. Samkvæmt IFRS 16.87 ber að líta svo á að þá sé um nýjan leigusamning að ræða þegar gerðar eru breytingar á fyrirliggjandi leigusamningi með þessum hætti. Áhrif breytinganna dreifast því á leigutíma samningsins.

## 5. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Það er mat stjórnenda að enn sé einhver óvissa varðandi áhrif COVID-19 á þróun efnahagsmála í landinu sem getur haft áhrif á getu einstaka leigutaka til að standa við skuldbindingar sínar.

Upplýsingar um mikilvægar ávarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna er að finna í skýringu 10 - mat á fjárfestingareignum.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins. Starfsemi skiptist í þrjá þætti sem byggja á skipuriti félagsins. Starfsþættirnir skiptast eftir eignum og ræður ráðandi starfsemi í eigninni flokkuninni. Þróunareignum er haldið aðskildum þar til þær eru orðnar tekjuberandi.

Starfsþættir:

- Verslun og þjónustu
- Samstarfs- og leiguverkefni með opinberum aðilum
- Atvinnuhúsnæði og almennur markaður

## 6. Starfsþáttayfirlit frh.:

### Starfsþáttayfirlit 1.1 - 30.6 2021

| | Verslun og þjónusta | Samstarfs- verkefni | Atvinnu- húsnæði | Þróunar- eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 1.444 | 1.481 | 1.985 | 0 | 0 | 0 | 4.910 |
| Rekstur í fasteignum | 172 | 125 | 6 | 0 | 84 | ( 84) | 303 |
| Rekstrartekjur | 1.616 | 1.606 | 1.991 | 0 | 84 | ( 84) | 5.213 |
| Rekstarkostnaður | | | | | | | |
| fjárfestingareigna | ( 418) | ( 201) | ( 415) | ( 13) | 0 | 0 | ( 1.047) |
| Rekstur í fasteignum | ( 237) | ( 151) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 388) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 25) | ( 25) | ( 34) | 0 | ( 254) | 84 | ( 254) |
| Rekstrarkostnaður | ( 680) | ( 377) | ( 449) | ( 13) | ( 254) | 84 | ( 1.689) |
| Rekstrarhagnaður fyrir | | | | | | | |
| matsbreytingu | 936 | 1.229 | 1.542 | ( 13) | ( 170) | 0 | 3.524 |
| Matsbreyting | | | | | | | |
| fjárfestingareigna | 1.068 | 936 | 1.905 | 5 | 0 | 0 | 3.914 |
| Söluhagnaður (-tap) | | | | | | | |
| fjárfestingareigna | 14 | 0 | ( 17) | 132 | 0 | 0 | 129 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 11) | 0 | ( 11) |
| Rekstrarhagnaður | 2.018 | 2.165 | 3.430 | 124 | ( 181) | 0 | 7.556 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | ( 3.505) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | | 4.051 |
| Tekjuskattur | | | | | | | ( 810) |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | | 3.241 |

**Staða 30. júní 2021**

| | Verslun og þjónusta | Samstarfs- verkefni | Atvinnu- húsnæði | Þróunar- eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir í eigu samstæðunnar | 47.914 | 41.536 | 56.599 | 7.186 | 0 | 0 | 153.235 |

### 6. Starfsþáttayfirlit frh.:

**Starfsþáttayfirlit 1.1 - 30.6 2020**

| | Verslun og þjónusta | Sam-starfs-verkefni | Atvinnu-húsnæði | Þróunar-eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur ............................ | 1.326 | 1.325 | 1.795 | 0 | 0 | 0 | 4.446 |
| Rekstur í fasteignum ............ | 169 | 115 | 6 | 0 | 78 | ( 78) | 290 |
| Rekstrartekjur ....................... | 1.495 | 1.440 | 1.801 | 0 | 78 | ( 78) | 4.736 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna .............. | ( 448) | ( 182) | ( 455) | ( 11) | 0 | 0 | ( 1.096) |
| Rekstur í fasteignum ............ | ( 233) | ( 137) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 370) |
| Stjórnunarkostnaður ............. | ( 23) | ( 23) | ( 31) | 0 | ( 231) | 78 | ( 230) |
| Rekstrarkostnaður ................ | ( 704) | ( 342) | ( 486) | ( 11) | ( 231) | 78 | ( 1.696) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu ................... | 791 | 1.098 | 1.315 | ( 11) | ( 153) | 0 | 3.040 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna .............. | ( 177) | 81 | 38 | ( 4) | 0 | 0 | ( 62) |
| Afskriftir eigna til eigin nota .. | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 11) | 0 | ( 11) |
| Rekstrarhagnaður ................. | 614 | 1.179 | 1.353 | ( 15) | ( 164) | 0 | 2.967 |
| Hrein fjármagnsgjöld ........ | | | | | | | ( 2.848) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ........ | | | | | | | 119 |
| Tekjuskattur ........ | | | | | | | ( 24) |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins ........ | | | | | | | 95 |
| **Staða 30. júní 2020** | | | | | | | |
| Fjárfestingareignir í eigu samstæðunnar ......... | 45.514 | 37.057 | 53.800 | 4.020 | 0 | 0 | 140.391 |

### 7. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Leigutekjur af leigusamningum | 4.749 | 4.184 |
| Dreifðar leigutekjur | 161 | 262 |
| Leigutekjur samtals | 4.910 | 4.446 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 303 | 290 |
| Rekstrartekjur samtals | 5.213 | 4.736 |

### 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld | 791 | 778 |
| Tryggingar | 77 | 72 |
| Viðhald og endurbætur | 157 | 150 |
| Orkukostnaður og sorphirða | 71 | 74 |
| Annar rekstrarkostnaður | 63 | 52 |
| Afskriftir og niðurfærsla krafna | 1 | 73 |
| Gjaldfærð laun í rekstri | 467 | 441 |
| Annar stjórnunarkostnaður | 62 | 56 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 1.689 | 1.696 |

### 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 28 | 14 |
| Vaxtagjöld | ( 1.619) | ( 1.732) |
| Eignfærðir vextir | 52 | 43 |
| Lántökukostnaður | ( 122) | ( 41) |
| Uppgreiðslugjald | ( 49) | 0 |
| Vextir af leiguskuldum | ( 83) | ( 84) |
| Verðbætur | ( 1.712) | ( 1.048) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 3.533) | ( 2.862) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 3.505) | ( 2.848) |

Eignfærðir vextir eru vegna eigna sem eru í byggingu eða unnið er að verulegum endurbótum á og eru ekki í útleigu. Vaxtaútreikningur tekur mið af meðalkjörum á lánalínum félagsins á hverjum tíma og voru þau um 4% á tímabilinu.

### 10. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40 Fjárfestingareignir og alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13 Mat á gangvirði. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. stig í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem slíkar. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Sjóðstreymislíkanið byggir á frjálsu sjóðstreymi til samstæðunnar sem er núvirt með veginni ávöxtunarkröfu fjármagns sem gerð er til félagsins (WACC). Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins.

**10. Fjárfestingareignir frh.:**

Við mat á fjárfestingareignum hefur verið byggt á tólf mánaða meðaltali ávöxtunarkröfu íbúðarbréfs sem lengsta verðtryggða skuldabréfsins á markaði með ríkisábyrgð. Viðskiptaavakt hefur nú verið felld niður og hafa viðskipti með bréfið minnkað umtalsvert. Til þess að viðmiðið gefi sem skýrasta mynd af þróuninni á hverjum tíma hefur verið ákveðið að breyta viðmiði áhættulausra vaxta yfir í ávöxtunarkröfu verðtryggðs ríkistryggðs skuldabréfs með álíka meðallíftíma. Tólf mánaða meðaltöl þessara skuldabréfa eru sambærileg og hefur breytingin því óveruleg áhrif á virðismatið.

Forsendur módelsins um áhrif COVID-19 faraldursins á innlenda og erlenda eftirspurn í sjóðsstreymi einstakra eigna gerir ráð fyrir að áhrif faraldursins á tekjur í ferðatengdri starfsemi muni vara til 2023-24 en innlend eftirspurn muni ná jafnvægi á árinu 2021. Vegna minnkandi óvissu hefur verið dregið úr áhættuálagi í matinu. Fjármagnskostnaður hefur verið lækkaður í takt við almenna þróun á fjármagnsmarkaði.

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | Fjárfestingar-eignir í eigu samstæðunnar | Leigu-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2021 | 143.446 | 3.732 | 147.178 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 6.714 | 0 | 6.714 |
| Selt á tímabilinu | ( 1.037) | 0 | ( 1.037) |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | 163 | 163 |
| Matsbreyting tímabilsins | 3.983 | ( 69) | 3.914 |
| Söluhagnaður af seldum eignum | 129 | 0 | 129 |
| Staða 30.6.2021 | 153.235 | 3.826 | 157.061 |
| | | | |
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2020 | 137.981 | 2.765 | 140.746 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 2.412 | 0 | 2.412 |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | 625 | 625 |
| Matsbreyting tímabilsins | ( 2) | ( 60) | ( 62) |
| Staða 30.6.2020 | 140.391 | 3.330 | 143.721 |

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 30.6.2021:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrifstofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. | 43.734 | 53.115 | 13.139 | 10.672 | 17.511 | 5.275 | 143.446 |
| Fjárfesting á árinu | 302 | 209 | 64 | 18 | 3.833 | 2.288 | 6.714 |
| Selt á árinu | ( 98) | 0 | ( 428) | 0 | 0 | ( 511) | ( 1.037) |
| Matsbreyting ársins | 1.064 | 1.777 | 281 | 503 | 352 | 6 | 3.983 |
| Söluhagnaður/-tap | 14 | 0 | ( 17) | 0 | 0 | 132 | 129 |
| Staða 30.6. | 45.016 | 55.101 | 13.039 | 11.193 | 21.696 | 7.190 | 153.235 |
| | | | | | | | |
| Veginn fjármagnskostnaður án skattspörunar (WACC) | 5,7% | 5,7% | 6,3% | 6,2% | 5,5% | | 5,8% |

| | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| **Næmisgreining gangvirðis:** | | |
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% | 9.300 | ( 9.300) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig | 10.472 | ( 9.243) |

## 10. Fjárfestingareignir frh.:

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 30.6.2020:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrifstofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. | 42.094 | 51.409 | 12.513 | 11.468 | 17.525 | 2.972 | 137.981 |
| Fjárfesting á árinu | 652 | 353 | 268 | 24 | 61 | 1.054 | 2.412 |
| Matsbreyting ársins | ( 103) | 886 | 25 | ( 730) | ( 76) | ( 4) | ( 2) |
| Staða 30.6. | 42.643 | 52.648 | 12.806 | 10.762 | 17.510 | 4.022 | 140.391 |
| Veginn fjármagnskostnaður án skattspörunar (WACC) | 5,9% | 5,8% | 6,3% | 6,1% | 5,6% | | 5,9% |

| | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| **Næmisgreining gangvirðis:** | | |
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% | 8.273 | ( 8.273) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig | 12.144 | ( 10.439) |

## 11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Grænar útgáfur undir skuldabréfaramma | 17.428 | 14.539 |
| Aðrar útgáfur undir skuldabréfaramma | 33.945 | 31.982 |
| Útgáfur undir skuldabréfaramma | 51.373 | 46.521 |
| Skuldir við verðbréfasjóði sem gefa út skuldabréf á markaði | 12.937 | 12.838 |
| Græn bankalán | 8.026 | 1.500 |
| Aðrar skuldir við lánastofnanir | 22.405 | 30.066 |
| Vaxtaberandi skuldir | 94.741 | 90.925 |
| Eignfærður lántökukostnaður | ( 347) | ( 396) |
| Vaxtaberandi skuldir | 94.394 | 90.529 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | ( 2.252) | ( 3.098) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 92.142 | 87.431 |

Samstæðan hefur samið um skammtímalán og voru ónýttar lánsheimildir 4.700 millj. kr. í lok tímabilsins.

## 12. Atburður eftir reikningskiladag

### Uppgreiðsla á skuldabréfaflokki KLS 13 1.

RA5 ehf. dótturfélag Regins tilkynnti að félagið hyggst nýta uppgreiðsluheimild samkvæmt grein 1.8 í lánasamningi félagsins við KLS fagfjárfestasjóð, á næsta gjalddaga lánsins 18. ágúst nk. Eftirstöðvar lánsins eru um 6 ma.kr. sem ber 4,35% verðtryggða vexti. Lánasamningurinn er fjármagnaður með skuldabréfaflokknum KLS 13 1 sem greiddur verður upp í tengslum við uppgreiðsluna.

Í tengslum við uppgreislu lánasamningsins við KLS fagfjárfestasjóður efndi Reginn til skuldabréfaútboðs 10. ágúst sl. Seldir voru 6.040 millj.kr. í lokuðu útboði til fagfjárfesta. Seld voru skuldabréf að nafnverði fyrir 1.480 millj.kr. í flokknum REGINN23 GB á ávöxtunarkröfunni 3,09% og skuldabréf að nafnvirði fyrir 4.560 millj.kr. í flokknum REGINN27 GB á ávöxtunarkröfunni 1,27%.

# Ársfjórðungsyfirlit - ekki kannað

| | 2F 2021 | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 2F 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 2.492 | 2.418 | 2.425 | 2.299 | 2.205 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 148 | 155 | 134 | 142 | 141 |
| Rekstrartekjur | 2.640 | 2.573 | 2.559 | 2.441 | 2.346 |
| | | | | | |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 515) | ( 532) | ( 559) | ( 532) | ( 577) |
| Rekstur í fasteignum | ( 176) | ( 212) | ( 190) | ( 164) | ( 175) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 116) | ( 138) | ( 118) | ( 96) | ( 109) |
| Rekstrarkostnaður | ( 807) | ( 882) | ( 867) | ( 792) | ( 861) |
| | | | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 1.833 | 1.691 | 1.692 | 1.649 | 1.485 |
| | | | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 2.549 | 1.365 | 1.428 | 109 | ( 11) |
| Söluhagnaður (-tap) | 120 | 9 | 0 | 133 | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | ( 6) | ( 5) | ( 6) | ( 2) | ( 4) |
| | | | | | |
| **Rekstrarhagnaður** | 4.496 | 3.060 | 3.114 | 1.889 | 1.470 |
| | | | | | |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | 2 | 26 | 51 | 5 | 6 |
| Fjármagnsgjöld | ( 2.264) | ( 1.269) | ( 1.794) | ( 1.811) | ( 1.738) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 2.262) | ( 1.243) | ( 1.743) | ( 1.806) | ( 1.732) |
| | | | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 2.234 | 1.817 | 1.371 | 83 | ( 262) |
| Tekjuskattur | ( 447) | ( 363) | ( 258) | ( 16) | 53 |
| | | | | | |
| **Hagnaður (tap) og heildarhagnaður (-tap) tímabilsins** | 1.787 | 1.454 | 1.113 | 67 | ( 209) |
| | | | | | |
| **Skipting hagnaðar (taps) / heildarhagnaðar (-taps)** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | 1.788 | 1.454 | 1.113 | 67 | ( 209) |
| Hlutdeild minnihluta | ( 1) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | 1.787 | 1.454 | 1.113 | 67 | ( 209) |
| | | | | | |
| Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður á hlut | 0,98 | 0,80 | 0,61 | 0,04 | (0,12) |